

10. gr.

Brof á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 346/1981 um hreindýraveiðar árið 1981.

Menntamálaráðuneytið, 7. júlí 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

12. júlí 1982.

Nr. 417.

REGLUGERÐ

um bókhald

I. KAFLI

Um notkun lausra korta, blaða og annarra hjálpargagna.

1. gr.

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort, blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna bóka skv. 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald, sbr. lög nr. 47/1978 um breyting á þeim lögum. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skulu sjóðbók og efnahagsbók vera fyrir fram innbundnar eða heftar og tölusettar, sbr. þó 15. gr. þessarar reglugerðar.

Bókhaldsskyldum aðilum, sem notfæra sér þessa heimild við bókhaldið, þ. á m. notkun skýrsluvéla, ber að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

1. Bókhaldið sé fyrir fram skipulagt og fyrir liggja skrifleg lýsing á því, þar á meðal reikningaskrá, flokkun færslugagna og dagbóka, lýsing á úrvinnslu gagna og gerð reikningsskila.
2. Hver bókhaldsreikningur, kort eða blað, skal vera auðkenndur með nafni og númeri eða öðru auðkenni í samræmi við reikningaskrá.
3. Við hverja færslu komi a. m. k. fram dagsetning, tilvísun til færslugagna, reikningsnúmer eða auðkenni og fjárhæð. Þar sem notuð er örugg jafnaðarprófun við innfærslu á bókhaldsreikninga, þarf ekki að tilgreina reikningsnúmer á sjálfum bókhaldsreikningunum, en þau skal í þess stað tilgreina í dagbókinni.
4. Hver bókhaldsreikningur skal notaður fyrir aðeins eitt reikningsár. Þar sem færðir eru samdráttar- eða aðalbókarreikningar fyrir eigna- og skuldaliði, t. d. viðskiptamenn, er þó heimilt að nota undirreikninga þeirra fyrir fleiri en eitt reikningsár, enda séu samdráttarreikningar færðir eigi sjaldnar en mánaðarlega. Þeir skulu stemmdir af við undirreikninga eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
5. Færa skal dagbók, sem sé samrit færslna á bókhaldsreikninga, og skulu þar koma fram a. m. k. sömu upplýsingar og kráfast er á reikningunum, þannig að ávallt megi rekja hverja færslu í dagbók inn á einstaka bókhaldsreikninga. Dagbókarblöðin skal tölusetja í samfeldri töluröð, þeim skal raðað jafnóðum í töluröð og þau innbundin, heft eða á annan hátt fest í geymslubindi.
6. Að jafnaði skal heildarfjárhæð fylgiskjala liggja fyrir, áður en innfærsla þeirra hefst, þannig að unnt sé að sannreyna niðurstöður færslna að þeim loknum.
7. Ætíð skal vera hægt að rekja niðurstöður bókhaldsins eða einstakar færslur þess til þeirra frumgagna, sem fært er eftir.

Það, sem að framan er sagt um notkun lausra korta og blaða, á einnig við um bókhald, þar sem skýrsluvélar eru notaðar að einhverju eða öllu leyti við færslu þess.

2. gr.

Peir, sem nota laus blöð, kort eða önnur hjálpargögn við bókhaldið, sbr. 1. gr. þessarar reglugerðar, eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. 11. gr. laga nr. 51/1968 um færslu aðalbókar. Þess í stað skulu þeir gera reikningsyfirlit eða jöfnuð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega í innbundna bók eða á laus yfirlitsblöð.

Reikningsyfirlitið skal a. m. k. bera með sér það tímabil, sem það tekur til, og númer og jöfnuð hvers bókhaldsreiknings. Þar sem færður er samdráttarreikningur eða aðalbókarreikningur fyrir viðskiptamenn, nægir að færa númer og jöfnuð þess reiknings á reikningsyfirlitið.

Reikningsyfirlitum skal raðað jafnóðum í skipulega röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt fest í geymslubindi.

3. gr.

Við gerð ársreikninga skal nákvæm og fullkomin lokun fara fram á hverjum bókhaldsreikningi og skal þeim síðan raðað í skipulega röð og þeir innbundnir, heftir eða á annan hátt lagðir í geymslubindi. Ekki er þó skylt að loka undirreikningum eigna- og skuldareikninga, svo sem undirreikningum viðskiptamannareiknings, þegar færðir eru samdráttar- eða aðalbókarreikningar, en þá skal staða þeirra við lok hvers reikningsárs greinilega auðkennd, t. d. með undirstrikun reikningsjafnaðar.

Samræmi skal vera milli fjárhæða í ársreikningi og niðurstöðu bókhalds viðkomandi reikningsárs.

II. KAFLI

Um fylgiskjöl.

4. gr.

Þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, þar með taldar hvers konar útborganir, skulu byggjast á áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Slík skjöl skulu m. a. bera með sér nafn, nafnnúmer og heimilisfang útgefanda, dagsetningar (útgáfudag, móttökudag og/eða greiðsludag), tegund viðskipta, magn, einingarverð og heildarfjárhæð. Einnig skulu skjölin að jafnaði bera með sér nafn og heimilisfang eða annað auðkenni kaupanda eða greiðanda. Að öðru leyti skal útfylling fylgiskjala vera samkvæmt góðum viðskiptavenjum.

5. gr.

Millifærslur, sem gerðar eru í bækurnar, skulu byggjast á fylgiskjölum, er hafi að geyma tilsvarendi upplýsingar og um getur í 4. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á. Varðandi leiðréttingarfærslur skal vísa til fyrri fylgiskjala og getið ástæðna fyrir færslunum. Á fyrri fylgiskjölum skal að jafnaði vísað til leiðréttingar.

6. gr.

Þær tekjur, sem færðar eru í bækurnar, þar með taldar hvers konar innborganir, skulu byggjast á áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum.

7. gr.

Sérhver sala eða afhending á vörum, verðmætum og þjónustu, skal skráð í frumbækur, jafnskjótt og salan eða afhendingin fer fram, þar með talin úttekt til eigin nota eða neyslu, hvers konar afborganaviðskipti, viðskipti gegn víxlum eða viðskipti, sem fram fara á annan

hliðstæðan hátt. Ef afhending seldra vara fer ekki fram í einu lagi, skal skrá hverja einstaka afhendingu í frumbækur.

Í bækur þessar skal skrá dagsetningu, nafn og heimilisfang kaupanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarfjárhæð. Hver nóta eða reikningur í frumbók skal einnig bera greinilega með sér nafn, nafnúmer og heimilisfang seljanda.

Heimilt er að hafa laus reikningseyðublöð í stað frumbóka. Blöð frumbóka og laus reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett í samfelldri töluröð, enda sé ekki notað öruggara eftirlitskerfi.

Frumbækur eða reikningar skulu færðir a. m. k. í tvíriti. Óski viðskiptamaður þess, skal honum ætíð látið í té samrit í hvert sinn, er afhending vöru eða þjónustu fer fram. Eitt eintak skal varðveitt í samfelldri töluröð, og skal vera hægt að rekja færslu á sölu í bókhaldi til þeirra frumgagna, sem færslurnar byggjast á.

8. gr.

Pegar seldum verðmætum er skilað til seljanda, skal gefa út innleggsnótu (kreditnótu). Sama gildir um afslátt, sem veittur er, eftir að nóta eða reikningur hefur verið skrifaður, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

9. gr.

Peir, sem taka framleiðslu annarra til vinnslu og/eða endursölu, skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir, og gilda sömu reglur um efni þeirra og raktar eru í 7. gr., eftir því sem við á. Á þetta m. a. við um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra aðila á framleiðsluvörum bænda, sjávaraflla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

10. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverslana, svo og persónuleg þjónusta sem veitt er gegn staðgreiðslu í matsölu-, veitinga- og gististöðum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum og rakarastofum, eða af hálfu hliðstæðra aðila, er undanþegin skráningarskyldu í frumbók skv. 7.—9. gr. þessarar reglugerðar. Þegar slík sala er ekki færð í fyrir fram tölusettar frumbækur eða á reikninga, sbr. 7. gr., skal annað hvort nota dagsetta, áritaða strimla úr lokuðum sjóðvélum eða dagsetta, áritaða staðgreiðslusölulista til sönnunar fyrir daglegri færslu staðgreiðslusölu í sjóðbók. Á staðgreiðslusölulista, sem skulu vera fyrir fram tölusettir í samfelldri töluröð, skal skrá hverja innborgun vegna staðgreiðslusölu fyrir sig og jafnóðum og hún fer fram og samtölu innborgana hvers dags. Ef staðgreiðslusala er skráð í lokaða sjóðvél verður tækið að vera búið innra strimli sem á lesanlegan hátt sýni einstakar innborganir.

Sjóðtalningu og afstemmingu við sjóðreikning skal framkvæma daglega eða reglulega, allt eftir tegund starfsemi.

Aðilar, sem vegna sérstakra verslunahátta (t. d. smásala frá opnum vagni eða stæði eða torgsala) hafa ekki möguleika á því að nota lokaðar sjóðvélar eða færa staðgreiðslusölulista, skulu færa daglega staðgreiðslusölufirlit í fyrir fram innbundna, tölusetta bók, sem liggja skal til grundvallar fyrir færslu á staðgreiðslusölu í sjóðbók.

Í slíkri bók skal a. m. k. eftirfarandi koma fram:

Peningar og ávísanir við lok starfsdags	kr.
+ Útborganir; t. d. greidd vörukaup, laun, peningaúttekt eiganda, lagt í banka, afborganir o. s. frv.	kr.
	kr.

– Innborganir, t. d. innborganir frá skuldunautum, húsaleiga og aðrar innborganir sem ekki teljast sala	kr.
	<hr/>
	kr.
– Peningar við upphaf starfsdags	kr.
	<hr/>
Staðgreiðslusala dagsins	kr.
	<hr/>

Fylgiskjöl fyrir staðgreiðslusölu samkvæmt þessari grein skulu áritast af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni og geymd eins og önnur bókhaldsgögn.

11. gr.

Þegar notað er annað öruggt eftirlitskerfi en lýst er í 7.—10. gr., má veita undanþágu frá einstökum ákvæðum þeirra.

III. KAFLI

Um geymslu bókhaldsbóka, fylgiskjala og annarra bókhaldsgagna.

12. gr.

Bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum um bókhald, ásamt fylgiskjöllum bókhaldsins og þeim bréfum og símskeytum og samritum bréfa og símskeyta er varða atvinnu hans, í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin eða símskeytin móttækin eða send.

Sami geymslutími gildir um laus kort, blöð, örfilmur, hjálpargögn, yfirlit, skriflegar lýsingar, afstemmingargögn, strimla, staðgreiðslusölulista og staðgreiðslusöluyfirlit og önnur bókhaldsgögn, sem fjallað er um í bókhaldslögum og reglugerð þessari.

Þegar fylgiskjöl og gögn eru mynduð á örfilmu, sbr. 13. gr. þessarar reglugerðar, er þó nægilegt að samanlagður geymslutími frumgagna og filmu sé ekki skemmri en 7 ár.

Efnahagsbók skal þó ætíð varðveita í 25 ár.

13. gr.

Bókhaldsskyldur aðili þarf ekki að geyma fylgiskjöl bókhaldsins eða önnur gögn, sem eru til sönnunar bókhaldsfærslum, lengur en 2 ár frá lokum þess reikningsárs er gögn þessi tilheyra, þegar fylgiskjölin eða gögnin eru mynduð á örfilmu, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- Bókhaldið skal vera endurskoðað af löggiltum endurskoðanda.
- Fjöldi gagna þeirra sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar skal vera a. m. k. 20 000 á ári.
- Tryggt skal að allar upplýsingar sem fram koma á gögnum þeim er mynduð eru færast yfir á filmuna. Þannig skal framhlið skjals mynduð og einnig bakhlið þess, ef þar koma fram upplýsingar. Það skal strax kannað sérstaklega, hvort filman sé læsileg, rétt og ógölluð, áður en filmugögnin eru ónýtt. Ef árangurinn er ekki fullnægjandi, skulu frumgögnin geymd á venjulegan hátt.
- Filmuna skal framkalla og geyma með tryggilegum hætti, þannig að læsileiki filmunnar sé tryggður til loka geymslutímans. Frumeintak filmunnar skal geymt, en nota skal endurmyndir hennar sem vinnugögn.
- Filman skal geymd með þeim hætti að tæknilega sé fljótlegt að finna mynd af fylgiskjali sem valið er af handahófi.

Aðferðir við myndun gagna og geymslu filmu skulu fyrirfram skipulagðar og fyrir liggi skrifleg lýsing á þeim. Þar komi einnig fram upplýsingar um hvar og hvenær myndun gagna hefur farið fram, hvar og á hvaða filmu myndirnar er að finna, og skal það staðfest eða vottað af þeim sem ábyrgð bera á myndatökunni.

Endurskoðandi skal fylgjast með því að reglum um myndun gagna sé fylgt.

14. gr.

Þegar opinberir aðilar eiga rétt á að krefjast upplýsinga úr bókhaldi, skulu nauðsynleg hjálparteki til að finna og lesa örfilmur vera þeim til endurgjaldslausra afnota hjá hinum bókhaldsskylda aðila, og einnig er honum í slíkum tilfellum skylt að afhenda þeim læsileg afrit örfilmana án greiðslna.

IV. KAFLI

Um efnahagsbók.

15. gr.

Bókhaldsskyldum aðila, er lætur löggiltan endurskoðanda endurskoða ársreikning sinn, er heimilt að hafa efnahagsbók sína í lausblaðaformi. Ef þessi heimild er notuð skal ársreikningurinn, undirritaður, settur í þar til gert lausblaðabindi. Blöð ársreikningsins skulu tölusett í samfelldri töluröð og skal hvert einstakt blað hans bera áritun endurskoðandans um dagsetningu innsetningar. Í lausblaðabindinu skal vera efnisyfirlit á sérstöku blaði, þar sem hver einstakur reikningur, sem settur hefur verið í bindið, er tilgreindur með blaðsíðutali og dagsetningu innsetningarinnar ásamt staðfestingu endurskoðanda.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Fyrir brot á reglugerð þessari skal refsað samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 51/1968 um bókhald, sbr. lög nr. 47/1978 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 354 29. desember 1972.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1983 og skulu ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 354 29. desember 1972 halda gildi sínu til þess tíma.

Fjármálaráðuneytið, 12. júlí 1982.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.